

96. Stjórnarfundur Nýheima þekkingarseturs

5. 9. 2018

Fundur settur kl. 08:15

Fundarstjóri: Helga Árnadóttir

Ritari: Ragnhildur Jónsdóttir

Mætt: Ragnhildur Jónsdóttir, Kristín Hermannsdóttir, Helga Árnadóttir, Vilhjálmur Magnússon, Katrín Jónsdóttir og Eyrún Helga Ævarsdóttir.

1. Fjarnám við Háskóla Íslands og ný stefna um gæði náms

Ragnhildur sagði frá bréfi sem hún sendi Steinunni Gestsdóttur aðstoðarrektor HÍ sem var hvatning til skólans um að auka framboð hans á fjarnámi. Í svari Steinunnar kom fram að HÍ er að vinna nýja stefnu um gæði náms og kennslu sem verður samþykkt í haust og þar verður uppbygging fjarnáms eitt megin áhersluatriðið. Ákveðið að fylgjast vel með gerð þessarar stefnu og bregðast við þegar tilefni gefst.

2. Þátttaka NB í fjölbjóðlegum verkefnum

Kristín upplýsti að búið er að fá samþykki fyrir styrk í tvö verkefni sem Nýheimar Þekkingarsetur er aðili að; Know Hubs og SustainIT. Ákveðið að fara yfir rekstrar- og verkefnastöðu setursins á næsta fundi.

3. Nýr starfsmaður Nýheima þekkingarseturs

Kristín upplýsti að Sandra Björg Stefánsdóttir hóf störf hjá setrinu þann 1. sept.

4. Önnur mál

- Kristín fór yfir mönnun í teymum Nýheima og endurnýjun þátttakenda þar sem sumir hafa hætt og aðrir komið í staðinn. Vilhjálmur fór yfir síðasta fund nýsköpunarteymis.
- Kristín og Eyrún greindu frá hugmynd sem fram kom í menningarteyminu um að standa að degi þar sem frjáls félagasamtök kynni starfsssemi sína. Nýheimar sóttu um styrk til að halda daginn og veitti sveittarfélagið styrk kr. 350.000-. Umræður voru um að þegar teymin sækja um styrki til verkefna þurfi að vera til staðar ákveðin umgjörð svo ljóst sé framlag hverrar stofnunar, fyrir hvað er greitt og hve mikið. Að verkefni hafi bæði tíma- og verkáætlun. Stofnanir hafa ekki ótakmarkað svigrúm til að nýta tíma starfsmanna sinna í samvinnuverkefni .
- Rætt var um markmið og tilgang teymanna og þær afurðir sem vænst er að komi út úr þeim.
- Kristín upplýsti að Hafdís Gunnarsdóttir sé tekin til starfa sem matráður á Nýtorgi. Fundarmenn fagna þessari þjónustu en voru sammála um að það skorti á upplýsingar um matseðla, framkvæmd og aðgengi fólks að þjónustunni.
- Vilhjálmur ræddi um Vírdós tónlistarhátíðinni og öðrum hátíðum á vegum ýmissa félagasamtaka. Rætt var um mikilvægi þess að frjáls félagasamtök taki þátt í svona hátíðum og kynni starfsssemi sína óbeint í gegnum slíka þátttöku.
- Rætt var um starfsskyldur húsvarðanna varðandi þjónustu og þrif.

Fundi slitið klukkan 9:40

*Ragnhildur Jónsd.
Helga Árnadóttir*